

Breyting á rammasamningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna í Tannlæknafélagi Íslands (TFÍ) 09

anna rra tannl. um tannlækningar aldraðra og öryrkja, dags. 23. ágúst 2018

Í 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 er ekki gerð krafa um umsókn vegna tannplanta til stuðnings heilgómum eða gómum á þá. Hins vegar hefur reynst nauðsynlegt að krefjast umsókna til þess að greina á milli slíkra tannplanta og stakra planta tennta einstaklinga sem njóta takmarkaðs styrks upp í kostnað samkvæmt greininni.

Eftirfarandi breytingar á gjaldskrá samningsins eru gerðar með það að markmiði að fækka umsóknum vegna tannplanta undir heilgóma og góma á þá og eiga þær ekki að leiða til aukins kostnaðar fyrir SÍ. Þá eru einnig teknir inn í samninginn gjaldliðir vegna kragaaðgerða við tannplanta undir heilgóma þegar gera þarf beinuppbyggingu samhliða plantaísetningu og nýr gjaldliður fyrir endurlímingu á eldri krónu:

Breytt heiti gjaldliðar:

Heiti gjaldliðar 715 breytist og verður „Plantagómur í efri góm“ í stað „Heilgómur á tannplanta“.

Breytt hámarksgreiðsla:

715T Tannsmíðakostnaður skv. reikningi Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 280.000,-.

Nýir gjaldliðir með eftirfarandi takmörkunum:

567 Kragaaðgerð við tannplanta Verð nú kr. 16.329,-.

567T Aðkeyptir íhlutir Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 10.000,-.

568 Kragaaðgerð við viðbótartannplanta Verð nú kr. 8.165,-.

568T Aðkeyptir íhlutir Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 10.000,-.

577 Fyrsti planti í hverjum fjórðungi undir heilgóm Verð nú kr. 127.876,-.

577T Tannsmíðakostnaður skv. reikningi Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 100.000,-.

578 Viðbótarplanti, í sama fjórðung góms, undir heilgóm Verð nú kr. 57.671,-.

578T Tannsmíðakostnaður skv. reikningi Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 100.000,-.

685 Endurlíming eldri krónu eða skeljar Verð nú kr. 18.000,-.

716 Plantagómur í neðri góm Verð nú kr. 165.229,-.

716T Tannsmíðakostnaður skv. reikningi Hámarksgreiðsla SÍ nú kr. 170.300,-.

Takmarkanir:

557 Tannplanti, fyrsti. Við bætist eftirfarandi takmörkun: Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.

558 Tannplanti, viðbótarplanti á sama aðgerðarsvæði. Við bætist eftirfarandi takmörkun: Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.

577 Fyrsti planti í hverjum fjórðungi undir heilgóm. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.

578 Viðbótarplanti undir heilgóm, í sama fjórðung góms og 577. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.

685 Endurlíming eldri króna. Greiðist ekki innan þriggja ára frá því SÍ greiddu fyrir gerð krónu á viðkomandi tönn.

715 Plantagómur í efri góm. Greiðist ekki ef minna en sex ár eru liðin frá því að SÍ greiddu gjaldnúmer 701, 702, 715 eða 716 fyrir sama góm.

716 Plantagómur í neðri góm. Greiðist ekki ef minna en sex ár eru liðin frá því að SÍ greiddu gjaldnúmer 701, 702, 715 eða 716 fyrir sama góm.

Að öðru leyti gilda takmarkanir og gjaldskrárskýringar í samningi um tannlækningar aldraðra og öryrkja.

SÍ gera ekki kröfu um að fá sendar umsóknir vegna gjaldliða 577, 578, 715 eða 716. Innsending tannlæknis á reikningi fyrir ofangreinda gjaldliði er staðfesting hans á því að um viðkomandi meðferð hafi verið að ræða.

Reykjavík, 6. maí 2019

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Auflaug Þjóðarsel
Ingileifur Þorsteinsson